

Komið þið sæl, kæru vinir.

Stundum er sagt að orð og hugsanir séu mörgum sinnum öflugri en við getum ímyndað okkur. M.a.s. er stundum sagt að með því að hugsa og tala líf inn í hlutina, löðum við að okkur meiri jákvæðni og hagsæld. Á sama hátt, ef við tölum að mestu leyti á þeim nótum að allt sé á vonarvöl, köllum við til okkar meiri neikvæðni og sundrungu.

Vissulega urðum við öll fyrir vonbrigðum í sumar þegar ljóst var að bóluefni gegn covid 19 var ekki eins kraftmikið og við höfðum búist við, enda hafði veiran séð við okkur í millitíðinni með nýju afbrigði.

Minnug þess að með því að tala líf inn í hlutina, löðum við að okkur jákvæðni og hagsæld eins og kostur er, þá skulum við frekar líta á björtu hliðarnar og búast við farsælu og gjöfulu skólaári.

Við vorum rækilega minnt á það sl. vetur að ekkert er sjálfsagt í henni veröld. En við erum líka rækilega minnt á það hversu mikilvægt er að þakka það sem við höfum, vegna þess að nú vitum við enn betur en áður að ekkert af því er sjálfsagt.

Í fyrsta lagi eigum við samfélag sem er ómetanlegt. Ísafjörður er ekki stórborg, en í menningarlegu tilliti hefur hann á sér yfirbragð stórborgar að ýmsu leyti. Sl. eina og hálfu öld hefur flust hingað fólk af ýmsum þjóðernum og litað menningarbraginn. Þegar það blandaðist harðduglegu fólki sem fluttist hingað úr sveitunum, varð til samfélag eljusamra heimsborgara, sem vilja lifa lífinu af reisn og myndarskap.

Jafnvel þótt við búum hér langleiðina að heimskautsbaug, má segja að heimurinn sé minni en hann sýnist og miklu nær okkur, þegar við hugsum um það að Víkingur Heiðar hélt fyrstu opinberu tónleika sína hér fyrir 20 árum og í vetur stóð Tónlistarfélagið fyrir því að hann kæmi í þriðja skiptið til Ísafjarðar og heillaði áheyrendur, en um daginn kom hann fram á einni mikilvægustu tónleikahátíð heims í Proms. Hann spilaði í Royal Albert Hall þar sem hann spilaði fyrir þúsundir, og varð á svipstundu á allra vörum í Bretlandi. M.a. spilaði hann Mozart konsertinn nr. 24, en hann var einmitt að æfa hann í stofunni hennar Beu, þegar hann kom hingað í vetur.

Fyrir utan samfélagið búum við í umhverfi með seiðmagnað aðdráttarafl. Það er forvitnilegt að fljúga yfir Vestfirði og sjá hvernig þeir eru myndaðir úr sléttu, en úr sléttunni eru firðir vandlega skornir út, eins og fallegar sneiðar af tertu. Og oftast er ekki er Pollurinn eins og spegill. Það er ekki úr lausu lofti gripið að „stinga af í spegilsléttan fjörð“, eins og Mugison komst að orði.

Í þriðja lagi áttum við okkur á því, þegar eitthvað bjátar á, að fátt veitir meiri hugarró en tónlistariðkun. Að setjast niður með tónlistina sem félagi sinn, gerir það að verkum að hugarvél fær ekkert pláss á meðan. Til þess hefur verið séð að flestum ef ekki öllum börnum stendur þessi iðkun til boða í okkar góða samfélagi.

Svona mætti endalaust telja, því að þakkarefnin eru hvarvetna, ef við höfum augun opin til að beina athyglinni að þeim.

En til hvers eigum við að halda úti þessu starfi í Tónlistarskólanum? Það er til að börnin okkar verði að manni, eða eins og Sigríður Ragnarsdóttir orðaði það: „Markmið tónlistarskóla hlýtur ekki einvörðungu að vera að kenna börnum að lesa nótur og leika þær á eitthvert hljóðfæri, heldur ekki síður mannrækt, efla þroska, víðsýni og trú á það sem fagurt er og mannauðgandi.“

Í tónlistariðkun felst keppni við sjálfan sig, að verða betri, geta lesið nóturnar, en líka að skynja tónlistina og hvernig hún getur hrifið okkur sjálf og áheyrendur. Við erum því ekki í tónlist til að vera betri en annað tónlistarfólk, þvert á móti felst nautn í því að hvetja aðra til sigurs. En fyrst og fremst vinnum við að því að verða betri í dag en í gær, betri tónlistarmenn, betri manneskjur. Þetta er það sem kennarar gera alla daga við þennan skóla og það hefur verið dásamlegt að fylgjast með því hve mikil auðlind kennarar skólans eru, sem vinna starf sitt af fórnfýsi og faglegum metnaði.

Eða eins og Sigríður orðaði það: Markmið tónlistarskóla er mannrækt.

Forsenda þess að við getum boðið upp á mikið úrval og ánægjulega veru barnanna okkar í skólanum er traustur fjárhagur. Það er allt hægt ef við sýnum ráðdeild. En það má aldrei koma niður á börnunum.

Þetta skiptir máli, eða eins og Ingunn Ósk Sturludóttir orðaði það: Skólinn er ómetanlegur fjársjóður. Skapandi samfélag, sem er stór hluti af því samfélagi sem Ísafjarðarbær er þekktur fyrir. Og þetta skapandi samfélag verður ekki án góðrar aðstöðu og viðhalds.

Fyrir utan mannrækt og uppgötvun lífsgæða sem felst í tónlistarnámi, skiptir máli sú lyftistöng sem starf nemenda er fyrir bæjarfélagið og nýlegt dæmi um sýninguna 9 til 5 sannar það. Þessir krakkar sem gerðu bókstaflega allt frá A til Ö, frá því að afla sér réttinda hjá eigendum höfundarréttar, útsetja tónlistina, finna til leikmuni, leikstýra sjálfum sér o.s.frv. er með ólíkindum og eftir slíka frammistöðu eru þau sannarlega fær í flestan sjó, ekki síst almennt í lífinu. Og það er það sem skiptir máli. Það þarf að hlúa að ungu fólki frá byrjun, styðja það til manndóms, siðvits og þroskaðs innrætis, með bjartsýni og framkvæmdahug að leiðarljósi. Þannig verða til traustar undirstöður fyrir samfélagið.

Ég er sannfærður um að við eigum blessunarríkt og gjöfult ár framundan
Ég segi Tónlistarskóla Ísafjarðar settan skólaárið 2021-22.